

Lifandi vatn



Í Lindakirkju er fjölbreytt starf fyrir allan aldur

Segja má að í kirkjunni sé haustið eins og voríð í náttúrunni, því þá lifnar safnaðarstarfið á ný af sumardvalanum. Í Lindakirkju verður að venju boðið til fjölbreyttrar dagskrár þennan vetur fyrir allan aldur. Á sunnudögum er sunnudagaskólinn á sínum stað kl. 11, en hefðbundinn messutími í Lindakirkju er kl. 20 á sunnudögum þar sem hinn frábæri Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Óskars Einarssonar og prestar safnaðarins, þau Dís Gylfadóttir, Guðmundur Karl Brynjarsson og Guðni Már Harðarson skipta helgihaldinu á milli sín.

Fleira má nefna sem kynnt er í blaðinu. Til dæmis þrjónastarfið Vinavoðir, forældramorgna, Alfa námskeið, Máttugan miðvikudag, barnakór, unglingskór, hláturslökun, súpúsamverur eldri borgara, æskulýðsstarf í samstarfi við KFUM og KFUK, fjölgreinastarfið og biblíulestra svo eitthvað sé nefnt. Auk þess stendur Lindakirkja og Kór Lindakirkju fyrir ýmsum viðburðum sem er fjallað um í blaðinu. Kynnið ykkur safnaðarstarfið, fylgist með á heimasíðunni lindakirkja.is og gerist vinir Lindakirkju á Facebook.

LINDAKIRKJA Gaman að syngja!

Kórástarf í Lindakirkju 2019-2020



Barnakórinn &
Unglingagospelkórinn

Alfa námskeið -kynningarfundur 25. september



Alfa er 8 vikna námskeið um kristna trú. Fjallað er á einfaldan og þægilegan hátt um grundvallaratriði kristinnar trúar og boðskap Biblíunnar.

Námskeiðið hefst miðvikudaginn 25. september kl. 18:00, með opnum kynningarfundum þar sem boðið verður uppá ljúffenga máltíð. Hvert kvöld hefst síðan

með máltíð áður en fræðsla tekur við. Eftir fræðsluna er skipt í litla umræðuhópa og lýkur námskeiðinu kl. 20:00.

Með virkri þátttöku námskeiðsgesta er leitast við að svara mikilvægustu spurningum lífsins, spurningum sem allir spyrja sig einhvern tímann á lífsleiðinni en hafa kannski ekki náð að svara fyrir sitt leyti.

Alfa námskeiðið er opið öllum. Frítt er á kynningarfundinn en ef fólk ákveður að vera með er kostnaður 18.900 krónur og eru allar máltíðir, fræðsluefni og helgarferð, matur og gisting innifalið. Sr. Guðni Már Harðarson hefur umsjón með starfinu ásamt Heiðdísí Karlsdóttur, Lárusi Guðmundssyni, Ninu Dóru Pétursdóttur og Gunnari Bøðvarssyni.

Lindakirkja kynnir tónleikana:

Jóla Bublé

Flestir þekkinga Michael Bublé, kanadíska söngvarann geðþekka. Jólalata hans, Christmas, er í upphaldi hjá mörgum enda hefur hún selst í milljónum eintaka um allan heim.



Aðalsöngvarar á Jóla Bublé

Arnar Dór söng sig inn í hjörtu landsmanna í Voice þáttunum og hefur síðan staðið fyrir ýmsum vinsælum söngviðburðum, meðal annars Jóla Bublé 2018.

Leikarinn Góí (Guðjón Davíð Karlsson) er Íslendingum að góðu kunnur, en hér sýnir hann á sér lítt þekktu hlið. Auk þess að vera fjölhæfur leikari og uppistandari er Góí frábær söngvari.


Ari Ólafsson flutti framlag Íslands í Evrópusöngvakeppninni árið 2018. Hann vakti mikla athygli á lokakvöldi Eurovision hér heima á þessu ári þegar hann söng í

sjónvarpsútsendingunni með þeim Bergþóri Pálssyni og Gissuri Páli Gissurarsyni. Ari hefur undanfarið lagt stund á söngnám í London og hefur aldrei verið betri.

Á JÓLA BUBLÉ tónleikunum verða flutt falleg jólalög í útsetningum og anda Michael Bublé. Þar ríkir gleði og léttleiki og uppistand að hætti Góa, Ara og Arnars Dórs.

Hljómsveitina skipa

Óskar Einarsson, hljómborð
Páll E. Pálsson, bassi
Rafn H. Björgvinsson, píano
Pétur Erlendsson, gítar
Jón Borgar Loftsson, trommur
Kjartan Hákonarson, trompet
Óskar Guðjónsson, saxófónn
Samúel J. Samúelsson, básúna
Söngur og raddir:
Alma Rut, Ragna Björg
Ársælsdóttir og Raket Pálsdóttir.



Hláturslökun

Skemmtilegt og uppbyggilegt sex vikna námskeið þar sem mikið er hlegið. Þátttakendur fá fræðslu um jákvæð áhrif hláturs á líkamlega og andlega heilsu og vinna markvisst að því að auka hlátur og gleði í lífi sínu og draga úr streitu. Hver tími endar með slökun.

Námskeiðið leiðir Þórdís Sigurðardóttir markþjálfari og hláturþjálfari en henni til aðstoðar er sr. Dís Gylfadóttir.

Næsta hláturnámskeið hefst þriðjudaginn 17. september 2019 kl. 13-13.50 og kostar 10.000 kr. Skráning á lindakirkja.is

Hjónanámskeið

7 vikna námskeið sem kennd verða á mánudögum (hefst 13. janúar). Námskeiðin hefst með mat kl. 18. Eftir matinn er fræðsla og síðan vinna þörin hver fyrir sig verkefni út frá kennslunni. Engin hópvinna fer fram á námskeiðinu. Þrátt fyrir að námskeiðið sé byggt á kristnum gildum er það mjög gagnlegt öllum þörum óháð trúarskoðunum eða kirkju-deildum.


Námskeiðið kostar 28.000 kr. fyrir parið og er það í raun fyrir matarkostnaði sem er 2000 kr. á mann hvert kvöld. Kennslubækur fylgja.

Margir hafa sótt þessi námskeið og gefa þeim góð meðmæli. „Við hjónin sóttum námskeiðið fyrir nokkrum árum. Það var svo notalegt að eiga svona góða kvöldstund saman. Borða góðan mat og ræða saman um sambandið okkar. Þetta blessaði okkur og dró okkur nær hvort öðru. Það var enginn að skipta sér af því hvað við ræddum um.“

Skráning á lindakirkja.is

Biblíulestrakvöld

Frá og með þriðjudagskvöldinu 1. október hefst biblíulestrakvöld í Lindakirkju í umsjón Guðmundar Karls Brynjarssonar, sóknarprests. Sjö lestrar verða fyrir jól, lesnir verða valdir kaflar úr Exodus – 2. Mósebók. Allir eru velkomnir, frjáls mæting og aldrei of seint að bæstast í hópinn.



Viðburðir

Lindakirkja stendur fyrir alls kyns viðburðum. Á haust-misseri verður tónleikasýningin *The Greatest Showman* sett upp, sem er samstarfsverkefni Kórs Lindakirkju og Grétu Salóme. Um mánaðamótin nóvember, desember heldur Lindakirkja svokallaða Jóla-Bublé tónleika í samstarfi við söngvarann Arnar Dór sem þar kemur fram ásamt stórrí hljómsveit, Ara Ólafs, Góa og fleiri söngvurum. Þegar er uppselt á eina tónleika. Eftirspurnin er mikil. 1000 kr. af hverjum seldum miða mun renna til Hjálparstarfs kirkjunnar.

Aðventuhátíð Lindakirkju er einnig stór viðburður. Lindakirkja stendur straum af kostnaði við aðventuhátíðina en selt verður inn, 2000 kr og rennur allur ágóði til Hjálparstarfs kirkjunnar. Í fyrra tvífylltum við kirkjuna sem skilaði 1,6 milljónum til Hjálparstarfsins.



Bænastundir

Á fimmtudagsmorgnum kl. 9:00 kemur fólk saman til bænastundar í Lindakirkju og biður fyrir þeim bænarefnum sem borist hafa. Hægt er að koma bænarefnum til skila með því að hringja í kirkjuna, senda tölvupóst á lindakirkja@lindakirkja.is eða mæta í helgihaldið og skrifa bæn sína á litla miða sem staðsettir eru við bænaaltarið. Bænastundirnar eru öllum opnar og gott kaffispjall í boði að þeim loknum.

Máttugur miðvikudagur

Lofgjörð og bænastund er í Lindakirkju alla miðvikudaga kl. 20:00.

Notalegar og hugljúfar stundir með stuttri hugveki og vitnisburði. Sungin eru lofgjörðarlög. Boðið er upp á fyrirbæn í lok stundanna.

Allir hjartanlega velkomnir.

Súpusamverur eldri borgara

Annan hvern fimmtudag kl. 12-13.40

Súpusamverur hafa verið ómissandi hluti af tilveru margra í Lindasókn undanfarið ár. Samverurnar eru vel sóttar og gjarnan mæta gestir með áhugaverða fyrirlestra eða kynningar í bland við að prestarnir bregða á leik.

Stundirnar næra í senn líkama, sál og anda, en í upphafi er boðið uppá súpu eða staðgóðan hádegisverð, svo er fyrirlestur eða dagskrárefni áður en endað er á Guðs orði, bæn og sálmasöng þar sem þeir Óskar Einarsson og Jón Dalbú Hróbjartsson leika undir til skiptis.

Kostnaður við matinn, kaffi og eftirrétt er 1700 krónur.

12. sept. Fyrsta samvera haustsins. Prestarnir kynna dagskrá vetrarins og Gógó og Óskar spila og syngja.

26. sept. Spurningakeppni á milli borða og einstaklinga.

Guðrún Bergmann kynnir væntanlega utanlandsferð næsta vor.

10. okt. Ítalskt þema. Einar Clausen tekur lagið. Kristján Björnsson vígslubiskup flytur hugveki.



24. okt. Landbúnaðarþema. Gísli Einarsson fréttamaður og Kristín Birna Óðinsdóttir söngkona.

7. nóv. Auglýst síðar.

21. nóv. Þórarinn Eldjárn með upplestur að eigin vali.

5. des. Jólasamvera Jólamatur og happdrætti.

16. jan. Þórey Dögg Jónsdóttir frá Eldri borgararáði kíkir til okkar.

30. jan. Guðni Ágústsson fer á kostum eins og honum einum er lagið.

13. feb. Auglýst síðar.

27. feb. Kótilettukarl! Bjartmar Guðlaugs.

12. mars Einar Falur Ingólfsson ljósmyndari.

26. mars Dansk þema. Der bor en bager på Norregade.

9. april Skírdagur (stund fellur niður)

23. april (sumardagurinn fyrsti) Húllumhæ, grillum og fögnum sumri.

7. maí Auglýst síðar.

21. maí Óvissuferð



Öflugt unglingsstarf

í samvinnu við KFUM og KFUK

Lindakirkja mun nú í vetur tvískipta unglingsstarfinu fyrir 8.-10. bekk. Einvalalið reyndra leiðtoga úr sumar-búðum KFUM og KFUK heldur utan um starfið sem fer fram á þriðjudagskvöldum.

8. bekkjarstarfið hefst kl. 18:00 og lýkur kl. 19:30. Húsið opnar 17:30.

9.-10. bekkjarstarfið hefst kl. 20:00 og lýkur kl. 21:30. Húsið opnar 19:30.

Dagskráin er alls ekki af verri endanum!

Gaga-bolti, spil, Mafia, hóp-leikir, Bingó, Gettu Best spurningakeppnin vinsæla og margt fleira, að ógleymdu

„Halftime Show“ sem enginn vill láta framhjá sér fara! Þar að auki er farið í tvær ferðir í Vatnaskóg, önnur að hausti og hin að vori.

Starfsfólk

Forstöðumenn: Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson.

Leiðtogar: Ísak Jón Einarsson og Andrea Rut Halldórsdóttir.

Ungleiðtogi: Veigar Máni Sævarsson.

Fyrsti fundur í 9.-10. bekkjarstarfinu er þriðjudaginn 10. september.

Fyrsti fundur í 8. bekkjarstarfinu er þriðjudaginn 17. september.

Sunnudagaskólinn í Lindakirkju

Sunnudagaskólinn sívinsæli er alla sunnudaga kl. 11.

Þar er mikið líf og fjör; Söngur, brúðuleikrit og Biblíusögur. Auk þess eru sýndir þættir um Hafðísi og Klemma, Nebba og Tófu. Á sama tíma er einnig sunnudagaskóli fyrir 6-9 ára krakka sem sniðinn er að þeirra þörfum. Börnin fá Jesúbók með myndum og sögum og þeim er gefinn nýr limmiði í bókina hvern sunnudag. Eftir

sunnudagaskólann er ýmist boðið uppá djús og kex eða ávexti. Prestarnir skipta með sér að sjá um sunnudagaskólann ásamt einvala liði sunnudagaskólakennara. Þeim Emil Hreiðari og Ingu Hrönn, hjónunum Reginu Ósk og Svenna Þór, Rebekku Ýr, Krístrúnu Lilju, Maríu Rut og Guðbjörgu Ýr.

Leikjastarf KFUM og KFUK

á þriðjudögum fyrir 4. -7. bekk



bió og popp, brjóstsykursgerð, hæfileikasýning og óvæntir gestir, svo fátt eitt sé nefnt. Farið er í tvær ferðir með leikjastarfinu í Vatnaskóg, önnur að hausti og hin að vori. Starfið er börnunum að kostnaðarlausu fyrir utan ferðirnar sem greitt er fyrir.

Starfsfólk KFUM

Gunnar Hrafn Sveinsson, sr. Guðni Már Harðarson og Róbert Ingi Þorsteinsson.

Starfsfólk KFUK

Andrea Rut Halldórsdóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir og Krístrún Lilja Gísladóttir.

Vinavoðir

Félagsskapurinn Vinavoðir í Lindakirkju hóf göngu sína vorið 2014.

Vinavoðir byggja á hugsjón Prayer Shawl Ministries í Bandaríkjunum þar sem fjöldi handavinnuhópa hefur verið stofnaður til að þrjóna og hekla sérstök bænasjöl.

Bænasjölín hafa verið gefin áfram sem vinarvottur og hlýjar blessunaróskir til sjúklinga og annarra sem eru staddir á krossgötum í lífi sínu.

Hugsjónin hefur breiðst út víða um heim og orðið mörgum til blessunar, bæði þeim sem gefa og þiggja.

Vinavoðir hittast í Lindakirkju á mánuðögum kl. 11:00-13:00

Þú ert velkominn/nn í hópinn.

Mörg dæmi eru til um þakklátt fólk sem hefur þegið sjál og síðar sjálft þrjónað sjöl fyrir aðra sem þurfa þeirra með. Þannig berst blessunin áfram lykkju fyrir lykkju, mann fram af manni.



Foreldramorgnar

Foreldramorgnar eru á þriðjudögum kl. 10:00-12:00. Þá er opið hús fyrir foreldra og ungviði þar sem hægt er að spjalla saman í notalegu umhverfi. Af og til er boðið upp á stutta fræðslu oftast tengda ungbörnum og/eða ýmis

konar kynningar. Boðið er uppá kaffi, brauð og létt meðlæti að kostnaðarlausu. Umsjón með foreldramorgnum í vetur hafa mæðgurnar Reginu Ósk Óskarsdóttir og Sigprúður B Stefánsdóttir.



Krífásálmur

Tónlistarnámskeið fyrir 3-12 mánaða kríli ásamt foreldri

Föstudagar kl. 10:30-11:15 í 4 vikur 16. október-8. nóvember. Kostar ekkert en skráning er á heimasíðu Lindakirkju undir tónlistarstarf/krífásálmur.

Nauðsynlegt að skrá þar sem plássin eru takmörkuð.

Leiðbeinendur eru tónlistarkennararnir Áslaug Helga Hálfánardóttir og Berglind Björgúlfadóttir.